

Námsgrein: Íslenska

9. bekkur

Tímafjöldi á viku: 3 klukkustundir og 1 klukkustundir í Bland í Borgó

Kennarar: Áslaug Guðfinna og Guðrún Sædís

Kennsluaðferðir og skipulag:

Leitast er við að hafa kennsluaðferðir sem fjölbreyttastar, þ.e. sjálfstæða vinnu nemenda, innlagnir frá kennara, umræður, hópavinnu, einstaklingsvinnu og framsögn. Nemendur sinna yndislestri jafnt heima og í skóla og vinna kjörbókarverkefni að minnsta kosti tvisvar yfir veturinn. Unnið er samvæmt aðferðum leiðsagnarmats sem þýðir að nemandinn fær með reglulegum og skipulegum hætti upplýsingar um hvernig hann er staddur í náminu. Áhersla er lögð á mikilvægi þess að nemandi ber ábyrgð á sínu eigin námi.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar Áhersla er lögð á:
Læsi	að virkja læsi nemenda í gegnum áhugasvið þeirra. Einnig er lögð áhersla á fjölbreyttar lestraraðferðir og að allur lestur er viðurkenndur.
Sjálfbærni	að kenna nemendum að nota viðeigandi hjálpargögn, svo sem hljóðbækur, rafrænar orðabækur, villupúka, hjálparforrit og svo framvegis.
Heilbrigði og velferð	að byggja upp og auka sjálfstraust nemenda til í að koma fram og skila eigin verkum.
Lýðræði og mannréttindi	að vera með í ráðum þegar kemur að verkefnaskilum. Lögð er áhersla á að nemendur nýti styrkleika sína og þær leiðir sem henta hverju sinni.
Jafnrétti	að nemendur, út frá eigin forsendum, hafi jöfn tækifæri til náms og nálgunar viðfangsefna.
Sköpun	að hvetja nemendur til sköpunar í gegnum ritun, tjáningu og túlkun eigin verka og annarra.

*Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Bókmenntir og ljóð Málfræði Ritun Stafsetning	Kjalnesingasaga Kuldi Smásögur Yndislestrarbækur Ritunarbókin Málið í mark Verkefni frá kennara Nemendamiðuð málfræði	Nemandi getur: - lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað. - lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta. - fjallað um skáldsögur og notað til þess hugtökin tími, umhverfi, sjónarhorn, boðskapur, persónusköpun og aðal- og aukapersónur. - notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum. - valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa. - beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar. - tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun. - valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsmiði við hæfi. - flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabönkum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna.	- Kjalnesingalota í Blandi - Íslenskulota í Blandi - Íslenskumarkmið í samþættingu - Bókmenntaverkefni - Kjörbókarverkefni - Ritunarverkefni - Ýmis verkefni frá kennurum - Þátttaka og virkni í tímum

		• beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess. • áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra. • valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun. • áttað sig á skyldleika íslensku við önnur mál og að tungumál, þar á meðal íslenska, breytast sífellt, áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, við nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap.	
Lestur og lesskilningur	Útbrot Ýmis verkefni frá kennurum. Læsisvefurinn Allur lestur!	Nemandi: • eykur orðaforða sinn og lesskilning með margvíslegum lestrarverkefnum. • getur greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða. • getur lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað. • getur gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda. • getur skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi. • valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur.	• Valin skilaverkefni • Verkefni frá kennurum • Virkni og þátttaka í tímum
Áhorf og hlustun Orðaleikir	Til dæmis: Með allt á hreinu Kuldi	Nemandi: • getur nýtt sér fræðslu og skemmtiefni á myndbandi, margmiðlunarefni og á netinu til ýmiss konar vinnslu.	• Verkefni metin

	Löggulíf Kappsmál Orðbragð Ferðalok Ýmis hlaðvörp Netskrafl Spil Leikir	• getur sagt skipulega frá eigin reynslu og upplifun t.d. eftir leiksýningar, kvikmyndir eða lestur bóka. • getur gert grein fyrir skoðunum sínum og rökstutt þær. • hefur fengið tækifæri til að leika sér með tungumálið t.d. í myndagátum, krossgátum, þrautum og ýmiss konar orða-og málleikjum.	• Njóta og hafa gaman af því að leika sér með íslenskuna.
Framsögn og tjáning	Umræður Kynningar	Nemandi: • getur gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtir sér leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall og hrynjandi. • getur flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas. • getur nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar. • átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.	• Metið út frá viðmiðum um árangur hverju sinni.